

Íslensk bókmenntafrægð.

Þýskur fræðimaður segir frá því í merku tímariti þarlandu, hvernig hann hefir í 109 ára gömlum tímaritsárgangi fundið, að til hefir verið rithöfundur, sem ljét Strulasin, en að fornafrni Snorro. Ekki er getið um, hværrar þjóðar hann hafi verið, en rit eftir hann heitir Heims Kringla, og er prentað í Stokkhólmi 1679. Þýkir greinarhöfundur, sem von er, bókin fróðleg. Vitanlega er nafnið Strulasin tilbúið af setjara, en alt nægir þetta samt til að sýna, hve mjög mikið skortir á að frægasti rithöfundur íslenskur sje, jafnvel í Þýskalandi, eins kunnur og þyrfti, eða Heimskringla, sem á þó sennilega engan sinn líka í söguritum þjóða, og hefir sumu kosti fram yfir jafnvel hin frægustu sögurit Grikkja og Rómverja.

8. des.

Helgi Þjeturss.

Jóhannes Kjartansson.

Nokkur minningarorð.

—o—

Þá unga menn hefi eg þekt, sem mér virtist jafn líklegir til góðra hluta og Jóhannes Kjartansson. Og engin hjón, sem síður virtist makleg til að bíða svo sáran missi, en frú Sigríði og síra Kjartan. Jóhannes var norrænn og íslenskur atgervismaður, andlega og líkamlega, og alt hans yfirbragð lýsti ágætum dreng. Hann var hetjuduglegur, og fullur af áhuga á að vinna gagn, og maður, sem ekki mundi nota neina þá aðferð til að komast áfram, sem ekki væri öðlingi samboðin.

Svo herfileg tíðindi heyra til þinni illu viðburðarás, sem svo mikið hefir borið á nú um þrið, og svo mikil þörf er á að fá breytt. Og dauði þessa ágætlega íslenska efnismanns, er glögg bænding um það, hvernig verða mundi framtíð hinnar íslensku þjóðar, ef ekki yrði unt að koma þeirri breytingu fram. Fyrir öllu því mundi verst fara, sem best væri og mest vert.

29. jan.

Helgi Þjeturss.

11. 1. 13 des '28

31. 1. 28 H'ser